

Nr. 117 / 10 Sturlaugur H. Böðvarsson AK 10**Skipverji slasast við hífingar**

Skipaskr.nr. 1585
Smíðaður: Akranesi 1981 stál
Stærð: 431,2 brl. 712 bt.
Mesta lengd: 50,85 m Skráð lengd: 44,16 m
Breidd: 9 m Dýpt: 6,4 m
Vél: Stork Werkspoor 1590 kW, 1986
Fjöldi skipverja: 15

Gögn:

Gögn RNS



Sturlaugur H. Böðvarsson ©Hilmar Snorrason

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 18. febrúar 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 23. ágúst 2009 var Sturlaugur H. Böðvarsson á togveiðum á Vestfjarðarmiðum. Veður: NA 10 m/s, ölduhæð 1-2 m.

Þegar skipverjar voru að hífa trollið kom í ljós að báðir höfuðlínuleggirnir voru slitnir og var tromlugilsinn notaður til að ná slaka á bakborðs toppvænginn og stjórnborðsgils í stjórnborðsvænginn meðan á viðgerð stóð. Þegar slakað var í grandaravindurnar strektist á tromlugilsinum og hann slóst undir skipverja sem stóð á þilfarinu og kastaði honum í loft upp en hann kom standandi niður.

Slasaði reyndi að sinna störfum sínum áfram en gafst fljótlega upp sökum mikilla bakverkja og var honum komið til læknis eftir að komið var í höfn.

Við rannsókn kom fram:

- að tromlugilsinn er á flotvörputromlunni á milli gilsvindanna aftan við brúna og snýst hún hægar en gilsvindurnar. Rann tromlugilsinn því ekki eins hratt út og stjórnborðsgilsinn. Það tók því með ríkk í tromlugilsinn og hann kastaðist upp;
- að slasaði var við vinnu inni á trollþilfarinu og áður en hann fór út af því kom hann stjórnborðs grandaranum, sem lá í bugt yfir boppingapil, niður á þilfarið til að forða slætti og hættu frá honum;
- að slasaði gaf spilmanni merki um að það mætti slaka og þegar hann var að forða sér út í ganginn slóst tromlugilsinn upp í klof hans með fyrrgreindum afleiðingum;

Nefndarálit:

Nefndin telur orsök slyssins vera ótímabæra skipun um að slaka ásamt því að meiri hraði var á slökun stjórnborðsgilsins en tromlugilsins.